

Tillaga

Viðtakandi: Velferðarráð

Sendandi: Regína Ásvaldsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs

Tillaga: Lagt er til að velferðarráð samþykki tillögu að breytingu á reglum Reykjavíkurborgar um styrki til náms og verkfæra- og tækjakaupa fatlaðs fólks.

Greinargerð:

Núgildandi reglur um styrki til náms og verkfæra- og tækjakaupa fatlaðs fólks tóku gildi þann 1. ágúst 2015 og voru settar í kjölfar yfirfærslu málaflokks fatlaðs fólks frá ríki til sveitarfélaga sem fram fór í upphafi ársins 2011. Þann 1. október 2018 tóku gildi lög nr. 38/2018 um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir sem leystu af hólmi lög nr. 59/1992 um málefni fatlaðs fólks. Nauðsynlegt er að gera breytingar á núgildandi reglum með hliðsjón af ákvæðum nýrra laga.

Sjá nánar í meðfylgjandi minnisblaði.

Kostnaðarmat fylgir tillögunni.

Fylgiskjöl:

1. Minnisblað, dags. 21. október 2019.
2. Reglur Reykjavíkurborgar um styrki til náms og verkfæra- og tækjakaupa fatlaðs fólks með þeim breytingum sem lagðar eru til.